

Nd.

263. Nefndarátt

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 14, 27. júní 1921. (Friðun rjúpna).

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar hefir ekki getað fallist á frumvarpið óbreytt, en leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. 1. gr. orðist þannig:
 - a-liður 3. gr. laga nr. 59, 10. nóv. 1913, orðist þannig: Rjúpur skulu al-friðaðar á tímabilinu frá 1. janúar til 15. október ár hvert.
2. Á eftir 1. gr. koma tvær nýjar greinar, sem verða 2. og 3. gr., svo hljóðandi:
 - a. Brot gegn lögum þessum verða sektum, 10 kr. fyrir hvern fugl, og tvöfaldast sektin við ítrekun brotsins.
 - b. Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 14, 27. júní 1921.

3. 2. gr., sem verður 4. gr., orðist þannig:

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1924.

4. Fyrirsögn frv. orðist þannig:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

Alþingi, 31. mars 1924.

Björn Líndal,
framsögumaður.

Árni Jónsson,
fundaskrifari.

Halldór Stefánsson.